

## Örugg viðhaldsvinna innan landbúnaðar

Landbúnaður er ein hættulegasta atvinnugrein sem fyrirfinnst og þar verða mörg vinnutengd slys. Almennt verða starfsmenn innan landbúnaðarins þrjár sinnum oftari fyrir vinnuslysum sem leiða til dauða og 1.7 sinnum oftari fyrir öðrum vinnuslysum (ekki banaslysum).

Innan hinna 27 aðildaríkja ESB, eru það fjölskyldur og sjálfstætt starfandi aðilar innan landbúnaðargeirans sem sinna mestum hluta vinnunnar, þar sem eigandi bænda býlis og fjölskylda hans sinna flestum störfum býlisins. Níu af hverjum tíu sem starfa á bændaþýlum (89%) tilheyra fjölskyldunni <sup>(1)</sup>. Árið 2007 störfuðu um 78% bænda einir og fengu aðstoð frá fjölskyldumeðlimum en stundum öðrum starfsmönnum sem fengnir voru til starfa á háannatímum <sup>(2)</sup>.

Það er mikil áskorun fyrir vinnuvernd að oft er um að ræða fjölskyldufyrirtæki og þetta eru sjálfstætt starfandi fyrirtæki.

### Viðhaldsverkefni innan landbúnaðar

Viðhaldsstarfsemi innan landbúnaðar er afar fjölbreytt. Hún felur í sér

- viðhald og viðgerðir á vélum, búnaði og ökutækjum,
- viðhald á bæjarhlaði og byggingum,
- viðhald á votheysturnum, tunnum, tönkum með fljótandi húsdýraáburði og fóðurgeymslum, viðhald á rafmagnskerfum,
- viðhald á frárennsli og áveitukerfum,
- viðhald á malbikuðum vegum og malarvegum.

### Hættur vegna viðhalds innan landbúnaðar

Vegna hinna fjölmörgu viðhaldsverkefna á bændaþýlum eru margar hættur fyrir hendi svo sem;

- hættur sem tengjast viðhaldi á vélbúnaði, eins og því sem tengist mulningi á efni, að flækjast í einhverju og detta, eða hætta útfrá háþrýstisprautun;
- hættur er tengjast rafmagni þegar unnið er með bilaðan búnað eða á meðan gert er við rafmagnskerfi og búnað því tengdu, eða gert er við bilaðar rafmagnsgjirðingar;
- brunahættur vegna notkunar logsuðutækja eða annars hitunarbúnaðar á meðan á viðhaldi stendur eða viðhald á búnaði sem er með heitt yfirborð (heita fleti) eða heita vökva í ýmsum tækjum;
- efnahættur vegna notkunar varasamra og hættulegra efna á meðan á viðhaldi stendur eða viðhald á búnaði sem inniheldur hættuleg efni;
- eldhætta eða sprengihætta á meðan á viðhaldi á aðstöðu eða búnaði stendur sem felur í sér hættuleg efni og sprengiefni, svo sem tankar, tunnur og votheysturnar, eða eldsneytistankar;
- líffræðilegar hættur við viðhald á mannvirkjum vegna mengunar af líffræðilegum skaðvöldum, gruggugu vatni, tönkum, skurðum og vinna við skólplagnir og rotþrær;
- vinnuvistfræðilegar hættur eins og erfiðar vinnustellingar eða óviðunandi tækjabúnaður;
- að vinna í þröngu rými.

<sup>(1)</sup> Eurostat, Agricultural statistics: Main results 2007–08, Eurostat pocketbook, 2009 edition ([http://epp.eurostat.ec.europa.eu/cache/ITY\\_OFFPUB/KS-ED-09-001/EN/KS-ED-09-001-EN.PDF](http://epp.eurostat.ec.europa.eu/cache/ITY_OFFPUB/KS-ED-09-001/EN/KS-ED-09-001-EN.PDF)) (Tölfræði um landbúnað: Helstu niðurstöður 2007-08, vasabók Eurostat, útgefið 2009)

<sup>(2)</sup> Eurostat, Farm structure, statistics explained (March 2010). (Gerð bændaþýla, tölfræði útskýrð (mars 2010). [http://epp.eurostat.ec.europa.eu/statistics\\_explained/index.php/Farm\\_structure](http://epp.eurostat.ec.europa.eu/statistics_explained/index.php/Farm_structure))



Með góðfúslegu leyfi FIOH

### Helstu þættir sem valda slysum sem tengjast viðhaldsvinnu innan landbúnaðar

Helstu þættirnir eru:

- einvera við vinnu;
- skortur á hlífðarbúnaði;
- fjárhagslegar takmarkanir, tímapressa og ofþreyta;
- skortur á vitneskju/þjálfun/upplýsingum;
- undirverktakavinna.

### Forvarnarástafanir

- Reyna að útrýma áhættu. Ef ekki er mögulegt að útrýma áhættu að fullu, reyna að takmarka hana með því að fylgja öruggum starfsaðferðum.
- Notaðu viðeigandi búnað, þar á meðal persónuhlífar og annan hlífðarbúnað.
- Aldrei vinna starf sem þú ert ekki hæf(ur) að inna af hendi.

### Viðhald vélbúnaðar og ökutækja

Fylgdu öruggum vinnuaðferðum þegar þú sinnir viðhaldi og gerir við tæki.

- Stöðvaðu tækið áður en þú byrjar að meðhöndla það.
- Trygðu að tækið hafi stöðvast – mundu eftir þeim tíma sem það getur tekið það að stöðvast.
- Festu hluti sem gætu hreyfst eða færst til – t.d. með því að nota skorður eða stoðir.
- Farðu eftir leiðbeiningum framleiðanda.
- Fjarlægðu varúðar- og hjálparbúnað áður en tækið er ræst á ný.

### Unnið í þröngu rými

Starfsmenn á bændaþýlum kunna að þurfa að fara inn í þröng rými eins og votheysturna, ofaní gruggugt vatn eða niðurgrafnar geymslur til að sinna viðhaldi, eftirliti, þrifum og viðgerðum. Hættur kunna að skapast vegna súrefnisskorts, eitraðs eða eldfims gass, vökva og þurrkvefnis sem skyndilega geta fyllt rýmið og valdið köfnun, drukknun, bruna eða sprengingu.

- Forðastu að fara inn í þröng rými.
- Ef það reynist óhjákvæmilegt, fylgdu öruggu vinnulagi.
- Gerðu viðeigandi varúðarástafanir.
- Kannaðu loftið áður en þú ferð inn.

- Notaðu viðeigandi búnað eins og hlífðarbúnað (t.d. öndunargrímu, öryggisólar og öryggislínur), ljós (sem samþykkt er að nota í umhverfi þar sem sprengingar geta átt sér stað) og samskiptatæki.



Heimild: M. Águila, INSHT

### Að vinna í hæð

Viðhald bygginga, mannvirkja og vélbúnaðar á bændabýlum kann að fela í sér vinnu í hæð. Fall ofan af þaki eða í gegnum ótryggt þak eru tíð, sem og fall úr ökutækjum, úr stigum og úr búnaði sem er óhentugur til verksins.

- Forðist að vinna í hæð.
- Ef það er óhjákvæmilegt, notaðu viðeigandi búnað til að komast að verkinu.
- Notið fallvarnbúnað svo sem öryggislínu eða öryggisólar, ef þörf er á.
- Tryggðu að búnaður og efni geti með öruggum hætti verið hækkað og lækkað.
- Alltaf gera ráð fyrir að þök séu ótrygg nema þú getir staðfest annað.
- Merktu húsnæði sem er með ótryggt þak með aðvörunarskiltum, einkum þar sem inngangurinn er.
- Vertu í skóbúnaði sem varnar því að þú rennir til þegar þú vinnur á ökutæki eða vinnuvél.
- Notaðu ekki stiga ef annar öruggari máti er fyrir hendi til að sinna verkinu.
- Ef þú notar stiga, tryggðu að hann geti ekki runnið til og að hann sé tryggilega fastur og stöðugur við jörðina.

### Frumkvæði og átaksverkefni í ýmsum löndum til að koma í veg fyrir að starfsmenn innan landbúnaðar verði fyrir skaða

- Sérstakir dagar sem ætlaðir eru til að efla vitneskju um öryggi og heilbrigði á bændabýlum í Bretlandi eru árlegur viðburður sem miðar að því að upplýsa og þjálfar starfsmenn innan landsbúnaðar varðandi þær áhættur sem tengjast starfi þeirra.
- PreventAgri er verkefni próað í Belgíu sem miðar að því að koma í veg fyrir slys, starfstengda sjúkdóma og félagslegar og andlegar hættur innan landbúnaðar; gert til að efla vitneskju og auka þjálfun, rannsóknir og eftirlit.
- Tryggingastofnun bænda í Austurríki hvetur bændur til að efla heilsu og öryggi á býlum sínum með því að veita þeim svo kallað öryggisvottorð. Öryggisvottorðin eru verðlaun veitt bændum sem leggja sérstaka áherslu á vinnuvernd. Verðlaunin eru veitt á grundvelli strangra viðmiða:
  - almennt gengi á framkvæmd vinnuverndar,
  - öryggisvitundar meðal starfsmanna í landbúnaði;

- skipulag á öryggismálum við vinnu; að notaður sé hlífðarbúnaður, sjúkrakassi sé til staðar, að vinnusvæði séu þrífaleg og frágangur á verkfærum sé hluti af notkun þeirra;
- öruggs búnaðar;
- örugga ökutækja;
- örugga bygginga og mannvirkja;
- öruggi í kringum rafmagnslagdir.

### Góðar starfsvenjur til fyrirmyndar

- *Hreyfanleg/færanlegt viðgerðarverkstæði fyrir vélar og ökutæki*

#### Flytjanlegt viðgerðarverkstæði hjá fyrirtækinu Allgäu GmbH í Þýskalandi

Nútíma vélar og ökutæki innan landbúnaðar þurfa í auknum mæli sérfræðipjónustu sem krefst sérstakrar hæfni og getu til að framkvæma viðhald og viðgerðir. Það voru bændur sem þróuðu þetta hreyfanlega verkstæði fyrir landbúnaðarvélar og ökutæki. Það hefur til að bera öll tæki, prófanir og mælitæki sem með þarf til viðgerða og við það vinnur hópur viðhaldstæknimanna sem sjá um viðgerðir og viðhald véla og ökutækja á vettvangi með fagmannlegum hætti.

- *Að viðhalda og gera við gróðurhús á öruggan og árangursríkan hátt*

#### Glass Handling Technic Vof, Hollandi (Glervinnsla fyrir gróðurhús) (Sigurvegari verðlaunasamkeppni fyrir góðar starfsvenjur)

Undanfarin ár hefur búskapur þar sem notuð eru gróðurhús þróast gífurlega. Gróðurhúsin eru hærri, frárennslisrörin á þökunum eru afar mjó, og umfang þakglugganna hefur aukist töluvert. Þessi þróun hefur haft mikil áhrif á viðhalds- og viðgerðarvinnu, og því fylgir aukin hættu á að skera sig, falla úr hæð og aukin líkamleg áreynsla. Að frumkvæði gróðurhúsaíðnaðarins, viðskiptasamtaka garðyrkjumanna, ræktenda, verkamanna sem sjá um uppsetningu og annarra verkataka, tryggingarfyrirtækja, banka, auk fjölda fyrirtækja með mikla reynslu í viðhaldi gróðurhúsa, var þróuð ný og örugg aðferð hvað varðar viðgerðir á þakgluggum úr gleri. Próað var kerfi sem kallast "Viðgerðarskutlan" (the Repair Shuttle) til að framkvæma viðgerðir utan á glerþökum. Þetta kerfi samanstendur af viðhaldstæki, ásamt kerfi til að setja gler á sinn stað og svo er hreyfanlegur pallur til að færa viðgerðartækið frá einum stað til annars. Starfsmenn sem sjá um viðhaldsvinnu komu mikið að þróun "Viðgerðarskutlunnar". Með þessu hefur verið komið í veg fyrir að slys verði vegna þess að gler falli þegar "Viðgerðarskutlan" er notuð, og fallhætta á fólki hefur nánast verið útilokuð. Einnig hefur líkamlegt álag þeirra sem sjá um viðgerðir minnkað.

### Nánari upplýsingar

Frekari upplýsingar um örugga viðhaldsvinnu innan landbúnaðar er hægt að nálgast á vefnum: „Viðhald í landbúnaði - leiðbeiningar um öryggi og heilbrigði“, fánleg á

<http://osha.europa.eu/en/publications/reports>

Þetta upplýsingarit er fánlegt á 24 tungumálum á:

<http://osha.europa.eu/en/publications/factsheets>

### Vinnuverndarstofnun Evrópu

Gran Vía, 33, 48009 Bilbao, SPÁNI

Tel. +34 944794360, Fax +34 944794383

Tölvupóstur: [information@osha.europa.eu](mailto:information@osha.europa.eu)

